## Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði Mannlífs*

Ritstjóri Mannlífs ber ábyrgð á efni sem birtist í miðlinum. Ritstjóri starfar í umboði stjórnar Sameinaða útgáfufélagsins ehf.

Ritstjóri og ritstjórn eru skuldbundin til að fylgja starfsreglum og ritstjórnarreglum.

Ritstjórn Mannlífs starfar eftir siðareglum Blaðamannafélags Íslands.

Meðlimir ritstjórnar taka ekki þátt í stjórnmálastarfi og vinna ekki út frá hagsmunum og viðmiðum öðrum en upplýsingarétti almennings og ritstjórnarstefnu miðilsins.

Ritstjórn og ritstjóri eru að öðru leyti sjálfstæð í störfum sínum gagnvart stjórn Sameinaða útgáfufélagsins ehf.

Ritstjórnarefni og viðskiptaboð eru aðgreind skilmerkilega. Fastir starfsmenn á ritstjórn Mannlífs vinna ekki kynningar.

Skilyrði um áminningu og uppsagnir á ritstjórn fara eftir ákvæðum kjarasamninga og lögum sem í gildi eru hverju sinni.

*skv. 24. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011